



8. janúar 2025
Tilv.:2401191

Dreifibréf nr.: 3/2025

Til: Greiðsluþjónustuveitenda sem bjóða upp á greiðslureikninga í skilningi laga um greiðslureikninga nr. 5/2023.

Efni: Sjálfsmat greiðsluþjónustuveitenda á grundvelli laga um greiðslureikninga nr. 5/2023.

Lög um greiðslureikninga nr. 5/2023 tóku gildi 1. mars 2023 (hér eftir lögin, eða lgr.) Lögin fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/92/ESB frá 23. júlí 2014 um samanburð gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum.

Í meginatriðum leggja lögin skyldur á herðar greiðsluþjónustuveitenda til að láta neytendum í té gjaldskrá fyrir hvern greiðslureikning, sem tilgreinir gjöld fyrir hverja þjónustu sem greiðsluþjónustuveitandi býður. Jafnframt skulu greiðsluþjónustuveitendur, a.m.k. einu sinni á ári og án endurgjalds, láta neytendum í té yfirlit yfir öll gjöld sem stofnað hefur verið til á tímabilinu vegna greiðslureiknings, svokallað gjaldyfirlit. Jafnframt skulu greiðsluþjónustuveitendur auðvelda neytendum að skipta um greiðslureikning, þ.e. flytja sig frá einum greiðsluþjónustuveitanda til annars. Síðast en ekki síst er lánastofnunum skylt að veita neytendum aðgengi að almennum greiðslureikningi þó þannig að þess sé gætt að viðskiptavinir noti ekki fjármálakerfið í ólöglegum tilgangi.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að farið sé að lgr., skv. 1. mgr. 18. gr. laganna. Til þess að fylgja eftir innleiðingu eftirlitsskyldra aðila á skyldum laga nr. 5/2023 um greiðslureikninga óskaði fjármálaeftirlitið eftir því að þeir fylltu út sjálfsmat. Í sjálfsmatinu voru settar fram 18 spurningar í fimm hlutum. Þeir aðilar sem sjálfsmatið tók til eru greiðsluþjónustuveitendur sem bjóða upp á greiðslureikninga í skilningi laga um greiðslureikninga nr. 5/2023, en þeir eru níu talsins. Svör bárust frá öllum níu viðtakendum spurningalistans.

Fjármálaeftirlitið hefur dregið saman helstu niðurstöður sjálfsmatsins. Sjálfsmatið kom almennt vel út og sýnir að greiðsluþjónustuveitendur telja sig almennt uppfylla skyldur laganna, þó með þeirri undantekningu að hluti greiðsluþjónustuveitenda sá ekki fram á að hefja útsendingu gjaldyfirlita innan árs frá gildistöku laganna, þó vinna við innleiðingu útsendingar væri hafin hjá þeim öllum að þeirra sögn.

Í sjálfsmatinu var óskað svara um hvort greiðsluþjónustuveitendur uppfylltu skyldur laganna um afhendingu gjaldskráa greiðslureikninga, hvort gjaldskrár þeirra væru í samræmi við hugtakalista Seðlabanka Íslands og hvort þeir uppfylli kröfur sem eru gerðar til aðgengis neytenda að gjaldskrám greiðslureikninga. Allir níu greiðsluþjónustuveitendur töldu sig uppfylla framangreindar kröfur laganna.

Í sjálfsmatinu kom fram að fimm greiðsluþjónustuveitendur höfðu uppfyllt lagakröfu um afhendingu gjaldyfirlits, en fjórir stefndu að afhendingu þess.

Allir níu greiðsluþjónustuveitendur kváðust nota stöðluð hugtök sem eru sett fram í hugtakalista sem er birtur í reglum Seðlabanka Íslands nr. 485/2023. Fjórir þeirra sögðust nota sérheiti í gjaldskrá og gjaldayfirliti til viðbótar við stöðluð hugtök.

Aðspurðir upplýstu greiðsluþjónustuveitendur að þeir bjóði allir upp á almenna greiðslureikninga, þar af voru sex sem bjóða upp á almennan greiðslureikning í formi tiltekinnar vöru sem er frábrugðin hefðbundnum greiðslureikningum stofnunarinnar. Enginn þeirra hefur, að eigin sögn, synjað umsókn um skiptiþjónustu en misjafnt var eftir greiðsluþjónustuveitendum hvort og þá hversu mörgum umsóknum um almennan greiðslureikning var synjað á tímabilinu frá 1. mars til 31. desember 2023.

Átta af níu greiðsluþjónustuveitendum töldu skyldur þær sem koma fram í lögnum ekki hafa dregið úr kostnaði fyrir neytendur.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Inga Dröfn Benediktsdóttir
forstöðumaður
háttsemiseftirlit

Erna Ágústsdóttir
lögfræðingur
háttsemiseftirlit

